

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf., kt. 430403-3110, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík (FA) og Fræðslumiðstöð Vestfjarða (Frmst), kt. 511199-2049, Suðurgötu 12, 400 Ísafirði (fræðsluaðili) gera með sér eftirfarandi

Þjónustusamningur

Inngangur

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Að þessu markmiði skal unnið í samstarfi við fræðsluráð, fagráð, starfsmenntasjóði, fyrirtæki og stéttarfélög á vegum ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis í eins ríki mæli og hægt er. Safna skal upplýsingum um þann árangur sem næst í þessu samstarfi.

1.0 Meginefni

Með samningi þessum eru skilgreind sameiginleg markmið samningsaðila og með hvaða hætti þeir munu vinna að framgangi þeirra. Þá er skilgreind gagnkvæm þjónusta milli samningsaðila og að öðru leyti skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

Á grundvelli þessa þjónustusamnings munu FA og Fræðslumiðstöð Vestfjarða gera sérstaka samninga og viðauka vegna ákveðinna greina hér að neðan. Skulu þeir vera hluti þessa samnings og falla undir sömu samningsskilmála.

2.0 Þjónustubættir – Umsýsla með Fræðslusjóði

Samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti annast FA umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fræðslusjóður úthlutar til eftirtalinnna verkefna á grundvelli sérstakra skilmála um fjárframlög og meðferð umsókna sem stjórn sjóðsins setur (sjá forskj. 3) og mennta- og menningarmálaráðuneyti staðfestir:

2.1 Vottað og viðurkennt nám, sem staðfest hefur verið að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Framlag til vottaðs og viðurkennds náms er bundið því að gerður hafi verið sérstakur viðaukasamningur milli FA og viðkomandi fræðsluaðila um greiðslur og þátttakendagjöld.

2.2 Náms- og starfsráðgjöf. Framlag til náms- og starfsráðgjafar er bundið því að gerður hafi verið sérstakur samningur milli FA og fræðsluaðila um m.a. fjárframlög og árangursmarkmið.

2.3 Raunfærnimat. Framlag til raunfærnimatsverkefna er bundið því að gerður hafi verið sérstakur samningur milli FA og fræðsluaðila um samstarf við hagsmunaaðila, fjárframlög, árangursmarkmið, gæðastarf, þjálfun matsaðila og skráningu eininga.

2.4 Styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Sérstakur samningur verður gerður við fræðsluaðila sem hljóta styrk til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

3.0 Þjónustubættir – Samstarfsverkefni FA og fræðsluaðila

FA og fræðsluaðili munu vinna saman að eftirtöldum verkefnum:

3.1 Náms- og starfsráðgjöf. FA starfar með Fræðslumiðstöð Vestfjarða að þróun náms- og starfsráðgjafar/hvatningar til færniuppbyggingar á svæði fræðsluaðila. FA mun vinna að því að efla sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

3.2 Raunfærnimat. FA starfar með Fræðslumiðstöð Vestfjarða og viðeigandi hagsmunaaðilum að raunfærnimati á starfssvæði fræðsluaðila vegna þeirra greina sem fræðsluaðili hefur fengið styrk til úr Fræðslusjóði. FA mun bjóða upp á þjálfun matsaðila í raunfærnimati og veita ráðgjöf til framkvæmdaraðila.

3.3 Námskrár og námslýsingar. FA mun semja námskrár og námslýsingar og vinna með öðrum að þróun þeirra samkvæmt 1. gr. þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Unnið verður að breytingum á framsetningu og skipulagi námskráa og námslýsinga með hliðsjón af evrópskum/íslenskum viðmiðaramma um þrepaskiptingu náms. Ráðuneytið vottar einstakar námskrár og námslýsingar, sbr. 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

3.4 Kennslufræðinámskeið. FA mun þróa aðferðir í framhaldsfræðslu með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. FA mun bjóða námskeið og ráðgjöf fyrir þá, sem taka að sér að kenna á námskeiðum fræðsluaðila og samstarfsaðila hans til að stuðla að bættum gæðum. Námskeiðsgjald skal vera hóflegt.

3.5 Viðurkenning fræðslustarfs - EQM gæðakerfið. FA hefur samið við fagstofu um framkvæmd úttekta á EQM gæðakerfinu samkvæmt starfsáætlun sem samþykkt er af mennta- og menningarmálaráðuneyti. EQM gæðakerfið er eitt af þeim kerfum sem fræðsluaðilar geta innleitt til að fá viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu skv. 7. gr. laga nr. 27/2010. Þeir fræðsluaðilar sem kjósa að innleiða þetta kerfi og fá úttektir vottunarstofu greiða þátttökugjöld til FA.

3.6 Nemendabókhald. FA starfar með fræðsluaðila og öðrum samstarfsaðilum sínum að þróun og viðhaldi nemendabókhaldskerfis. Nemendabókhaldskerfið skal taka mið af sameiginlegum þörfum samstarfsaðila FA. FA mun halda áfram að aðlaga kerfið að starfsemi fræðsluaðila og veita ráðgjöf við notkun þess. Framlag FA til þessa verkefnis ræðst af fjárhagsáætlun ársins til rekstrar og þróunar kerfisins. Fræðsluaðili er sjálfur ábyrgur gagnvart öðrum kostnaði.

3.7 Samstarfsverkefni sem varða markhópinn. Um hvert verkefni skal gerður sérstakur verkefnasamningur.

3.8 Aðstaða. FA hefur til umræða myndfundabúnað og skal fræðsluaðila heimilt að nota hann í verkefnum sínum gegn greiðslu skv. gjaldskrá KVASIS, sé hann laus til afnota. Búnaðinn skal panta með 3ja daga fyrirvara. Fræðsluaðila býðst gjaldfrjáls aðstaða í húsakynnum FA í Reykjavík til smærri funda, sé um laust herbergi að ræða á þeim tíma sem óskað er eftir, enda sé ekki um að ræða verkefni, sem þegin er greiðsla fyrir.

4.0 Almennir samningsskilmálar FA vegna ofangreindra verkefna

4.1 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis. Hún er m.a. fjármögnuð af opinberu fé samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem byggir á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og skal starfa til almannaheilla óháð búsetu. Öll verkefni og framkvæmd þeirra skulu samrýmast lögum um framhaldsfræðslu, samþykktum FA og þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

4.2 Fræðsluaðili skal vinna að því að hljóta viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis til að annast framhaldsfræðslu skv. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

4.3 Fyllstu upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu jafnan aðgengilegar.

4.4 Upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu lagðar fram með þeim hætti sem FA fer fram á.

4.5 FA sé getið í allri kynningu og kynningargögnum vegna sameiginlegra verkefna.

4.6 Tryggð séu réttindi og aðstaða námsmanna til að ljúka skilgreindu námi eða námsáfangi á tilsettum tíma hverju sinni, enda haldist lágmarkspáttökufjöldi sem viðkomandi símenntunarmiðstöð hefur gert kröfu um við skipulagningu námsins.

4.0. Kostnaður

Hvor samningsaðili um sig ber kostnað vegna framkvæmdar samningsins og þeirra skuldbindinga sem hann felur í sér nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum samningsins. Sérstakir viðaukasamningar eru gerðir vegna 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 3.5 og 3.7. Um greiðslur og árangursmarkmið skal kveðið á í viðaukasamningum.

5.0. Gildistími og endurskoðun samningsins

Samningurinn gildir frá 1.1.2012 til ársloka 2015. Breytingar eru háðar samþykki beggja aðila.

6.0 Uppsögn og áfrýjun

Samningsaðilar geta sagt samningnum upp verði verulegar breytingar á forsendum þeirra eða rekstrarumhverfi eða ef fræðsluaðili uppfyllir ekki ákvæði laga og reglugerða. Skal slík uppsögn vera með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða vegna einstakra samningsákvæða og túlkunar á þeim skulu aðilar reyna settir. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 7. febrúar 2012.

F.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

F.h. Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, frkv.stj.

Smári Haraldsson, frkv.stj.

Fylgiskjöl:

1. Samþykktir FA <http://frae.is/um-fa/samthyktir/>
2. Þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og FA, dags. 24.11. 2010. http://www.frae.is/files/Þjónustusamningur%202010_1662122173.pdf
3. Skilmálar vegna fjárframlaga til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats og meðferð umsókna.
4. Listi yfir námsleiðir - framlag og þátttakendagjöld.
5. Verð námsleiða út frá fjölda þátttakenda.



Fskj. með
þjónustusamningi 201



Fylgiskjöl